

Viðurkenning Lífsbrúar 2025 – einstaklingur

Sr. Svavar Stefánsson prestur hlýtur viðurkenningu Lífsbrúar árið 2025.

Svavar lauk prófi í guðfræði frá HÍ árið 1975 og var vígður prestur það sama ár. Svavar varð sóknarprestur í Neskaupstað og starfaði þar í 15 ár. Hann kynntist mannlífinu í bænum frá ýmsum hliðum. Eftir skamma veru í starfi þurfti Svavar að bregðast við þegar ungur maður tók eigið líf í bæjarfélaginu. Fleiri sjálfsvíg ungra manna urðu næstu árin í Neskaupsstað og á Austurlandi öllu dóu 17 ungir menn á 7 árum.

Svavar fékk það í fangið sem sóknarprestur að tilkynna aðstandendum um andlát ástvina, hann vitjaði aðstandenda, sat með fólki, veitti huggun og styrk ásamt því að vera með bænastundir og útfarir. Hann reyndi eftir megni að hjálpa fólki að finna von í erfiðum aðstæðum.

Þekking á viðbrögðum eftir sjálfsvíg var á þessum tíma ekki til staðar á svæðinu. Hann reyndi sjálfur að útvega sér lesefni og fá fræðslu. Hann hafði frumkvæði að því, með stuðningi bæjarfélagsins og sóknarnefndar, að fá sálfræðinga á svæðið og aðra sem höfðu reynslu af því að fjalla um afleiðingar erfiðra áfalla í lífi fólks. Það voru haldin opin fræðsluerindi sem voru almennt vel sótt.

Svavar hvatti til umræðu um hvernig mætti vinna gegn því að ungt fólk, gripi til slíkra örþrifaráða. Hann fjallaði um málefnið í fermingarfræðslu og fékk til liðs við sig starfsfólk af sjúkrahúsinu í bænum. Mikill velvilji var í samfélaginu til að fólk tæki höndum saman um að vera vakandi fyrir því að vernda hvert annað.

Svavar bætti við sig mastersprófi í guðfræði í Pittsburg í Pennsylvaníu á árunum 1989 – 1990, en áherslan í náminu var á prédikunarfræði og sálgæslu.

Síðar fór hann til Philadelfíu í Bandaríkjunum þar sem hann kynnti sér starfsemi sorgarmiðstöðva. Þegar Svavar varð sóknarprestur í Fella- og Hóla kirkju í Breiðholti þá setti hann sig þá í samband við fyrstu sorgarsamtökin á Íslandi, Nýja döggun, nú Sorgarmiðstöð.

Undir merkjum Nýrrar döggunar var Svavar með kvöldnámskeið/stuðningshópastarf um sorg og sorgarferli. Hópastarfið sótti fólk úr öllum borgarhlutum, nærliggjandi sveitarfélögum og af Suður- og Vesturlandi.

Á námskeiðunum hittist fólk með ólíka lífsreynslu og sorgarsögu, en flestir áttu það sameiginlegt að hafa misst ástvin í sjálfsvígi. Svavar stýrði hópastarfinu af hlýju og fagmennsku og í hópunum gat fólk talað opinskátt um líðan sína og speglað hana í því sem aðrir sögðu. Svavar var með fyrirlestra um sorg og sjálfsvíg fyrir Nýja döggun og stuðningshópastarf í yfir 20 ár.

Svavar hefur tekið saman talsvert af styðjandi og fræðandi lesefni fyrir syrgjendur sem hann dreifði í stuðningshópastarfinu, sumt er enn í notkun hjá Sorgarmiðstöð.

Í dag er það viðurkennt og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin segir að órjúfanlegur hluti sjálfsvígsforvarna felist í því að styðja þau sem misst hafa ástvin í sjálfsvígi.

Það er því vel við hæfi að Svavar Stefánsson, prestur og frumkvöðull í stuðningi við aðstandendur eftir sjálfsvíg á Íslandi, fái viðurkenningu Lífsbrúar fyrir mikilsvert framlag til sjálfsvígsforvarna á Íslandi. Fyrir að auka þekkingu á málefninu og fyrir að stuðla að bættri heilsu og líðan landsmanna.